Skólaráð Breiðholtsskóla 29. október 2026

Mættir: Ásta Bjarney, skólastjóri, Vigdís stuðningsfulltrúi, Davíð kennari, Helena foreldri, Herdís Bakkanum, Zak nemandi, Katrín nemandi.

Dagskrá:

1. **Farið yfir boðun funda, dagskrá, fundarritun og fundartími (í upphafi kjörtímabils).**
   Fulltrúar skólaráðs kynntu sig - handbók skólaráðs var afhent í tölvupósti og fulltrúar hvattir til að skoða hana. Ákveðið að heyra í Herdísi hvort hún vildi vera áfram og ef ekki að athuga með Sunnu eða Patrek tæki við sem fulltrúar grenndarsamfélags í skólaráði. Herdís mætti á fundinn og vil vera áfram.
2. **Starfsáætlun skólaráðs yfirfarin og samþykkt.**
   Farið yfir dagskrá funda út skólaárið, desemberfundur færður til. Ákveðið var að breyta byrjun fundartíma og samþykkt að fundir myndu byrja klukkan 9:00.
3. **Starfsáætlun Breiðholtsskóla kynnt og ýmsir þættir ræddir.**
   Farið var yfir stefnur skólans og helstu áherslur fyrir skólaárið. Farið var yfir starfsáætlunina og útskýrt í stuttu máli hvað hver liður felur í sér. Rætt um styrki skólans, jákvæða punkta hans og nýleg verkefni í skólanum.
4. **Önnur mál**:
   Rætt um umræðu í samfélagi um að læsa útihurðum skólans yfir skólatímann. Rætt um skoðanir skólaráðsins á því að læsa hurðum og kosti og galla hugmyndarinnar.
   Ábending um að auka við starf með vísindi og tilraunir.